



ALCOA FJARÐAÁL



SKÝRSLA UM GRUNNÁSTAND



Mars 2022

Inngangur

Núgildandi starfsleyfi fyrir álver Alcoa Fjarðaáls, heimilar framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli á ári í kerskálum álversins. Starfsleyfið gildir til 1. desember 2026. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal endurskoða starfsleyfi fyrirtækja reglulega, meðal annars þegar endurskoðun á bestu aðgengilegu tækni hefur átt sér stað. Sú endurskoðun var gerð árið 2016 og niðurstöður hennar innleiddar með reglugerð nr. 935/2018, um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.

Í 15.gr. reglugerðar nr. 550/2018 segir „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært“.

Á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hafa verið gerðar leiðbeiningar um gerð skýrslu um grunnástand vegna útgáfu starfsleyfa í samræmi við tilskipanir þess. Skýrslan er byggð eftir því sem á við, á leiðbeiningum Evrópusambandsins og skiptist í eftirfarandi hluta:

1. Greina hvaða hættuleg efni eru notuð, framleidd eða losuð í stöðinni.
2. Tilgreina hvaða hættuleg efni verður fjallað um.
3. Mat á mögulegri mengun á staðnum.
4. Saga staðarins.
5. Lýsing á staðhättum.
6. Einkenni svæðisins.
7. Rannsóknir á svæðinu.
8. Samantekt um grunnástand.

Eftirfarandi fylgiskjöl eru með þessari skýrslu:

- Fylgiskjal 1 Niðurstöður eldri mælinga
- Fylgiskjal 2 Sýnatökupakkar ALS
- Fylgiskjal 3 Vatnssýnataka
- Fylgiskjal 4 Jarðvegssýnataka
- Fylgiskjal 5 ALS niðurstöður fyrir vatn
- Fylgiskjal 6 ALS niðurstöður fyrir jarðveg

Efnisyfirlit


SKÝRSLA UM GRUNNÁSTAND	1
1. Hættuleg efni notuð, framleidd eða losuð í stöðinni	1
1.1 Vinnsluferli áls	1
1.2 Lýsing á hráefnum, hjálparefnum og öðrum efnum sem eru notuð eða framleidd í stöðinni.	3
1.3 Lýsing á losun frá stöðinni	4
2 Hættuleg efni sem fjallað verður um.....	5
3 Mat á mögulegri mengun á staðnum	6
3.1 Umfang mögulegrar losunar	6
3.2 Staðsetning mögulegrar uppsöfnunar	7
3.3 Mengunarvarnir	7
4 Saga staðarins.....	7
4.1 Fyrri notkun á lóð Alcoa Fjarðaáls.....	7
4.2 Þróun og atburðir í rekstri Alcoa Fjarðaál.....	9
5 Lýsing á staðháttum	9
5.1 Lega lands og yfirborð	9
5.2 Jarðfræði og grunnvatn.....	9
5.3 Yfirborðsvatn	9
5.4 Lóð	9
5.5 Nágrenni og áhrifasvæði.....	10
6 Einkenni svæðisins.....	12
6.1 Almennt	12
6.2 Mögulega mengaðir staðir	12
7 Rannsóknir á svæðinu	14
7.1 Eldri rannsóknir.....	14
7.2 Nýjar rannsóknir	15
8 Samantekt um grunnástand	16
8.1 Inngangur	16
8.2 Vatn.....	16
8.3 Jarðvegur	19
FYLGISKJAL 1	A-1
FYLGISKJAL 2	A-2
FYLGISKJAL 3	A-3
FYLGISKJAL 4	A-4
FYLGISKJAL 5	A-5
FYLGISKJAL 6	A-6

1. Hættuleg efni notuð, framleidd eða losuð í stöðinni

1.1 Vinnsluferli áls

Ál er þriðja algengasta frumefni jarðskorpunnar, næst á eftir súrefni og kísli. Ál er algengasti málmurinn og nemur um 8% af heildarþyngd jarðskorpunnar. Hreint ál finnst ekki í náttúrunni heldur eingöngu í efnasamböndum, til dæmis oxíðum og sílíkötum, svo sem gljásteinum og leir.


Hér verður lýst í megindráttum framleiðsluferli áls, allt frá hráefnisvinnslu til útflutnings á áli frá Íslandi (mynd 1).



Mynd 1 Framleiðsluferli álversins og helstu uppsprettur losunar.

Súrál (Al₂O₃) er meginhráefni til álframleiðslu. Súrál er unnið úr bákíti en súrálshreinsun er 35-50%. Bákít er unnið úr yfirborðsnámum, mulið og þvegið og síðan flutt til súrálshreinsunarstöðva. Þar er bákítíð fín malað og meðhöndlað með natríum hydroxíði og súrálíð skilið frá öðrum efnum. Vegna þessarar meðhöndlunar inniheldur súrál örlítið natríum. Bákít er aðallega unnið í Ástralíu (~40%), Suður-Ameríku (~30%) og Afríku (~20%).

Ál er framleitt með rafgreiningu súrális sem felst í að kljúfa súrál í frumefni sín, ál (Al) og súrefni (O), með rafstraumi við háan hita. Forskautin eru úr kolefni sem brennur í heitu súrefninu. Ferlið er því samkvæmt eftirfarandi efnajöfnu:



Til að framleiða 1 t af áli þarf um 2 t af súráli en til framleiðslu þess þarf 4-6 t af bákíti. Auk þess þarf um 0,4 t af forskautum, um 15 kg af álflúoríði og 13.000-15.000 kWst af raforku.

Súrál er flutt í sandkenndu formi sjóleiðina til Reyðarfjarðar. Frá hafnarbakka er súrálið flutt í súrálsgeymi. Frá geyminum er súrálið flutt um þéttflæðikerfi í daggeyma við þurrhreinistöðvar, sem eru á milli kerskálanna, og úr daggeymum með þéttflæðirörum í tanka, sem eru yfir kerunum. Frá tönkunum er súráli skammtað í kerin með tölvustýrðum súrálsskömmturum.

Í kerunum fer fram upplausn súrálisins í raflausn. Álið er svo rafgreint úr raflausninni. Raflausnin er krýólít sem er natríum álflúoríð. Natríum kemur inn með súrálinu, en flúoríð fæst með því að bæta álflúoríð út í lausnina. Þurrhreinistöðvarnar hreinsa ryk og vetnisflúoríð úr útblæstri frá kerunum með því að blanda því saman við hreint súrál. Þá myndast það sem kallað er hlaðið flúoríðríkt súrál sem notað sem hráefni í kerin, og viðheldur flúoríð innihaldi raflausnarinnar.

Efst í kerunum myndast hörð skel, kölluð skurn, og verður að brjóta hana í hvert sinn sem súráli er skammtað í kerin. Nauðsynlegt er að skömmun í rafgreiningarkerin sé nákvæm. Berist of mikið súrál í kerin leysist það ekki allt upp í raflausninni en sé það of lítið getur myndast svokallað ris. Ris verður ef þunnt lag af gasi, sem klofnar úr raflausninni, safnast undir forskautunum en við það verður straumrásin (straumleiðni) á milli forskauts og bakskauts ekki jafn greið. Mikilvægt er að hafa ris sem fæst þar sem straumnýtni lækkar niður í nánast ekki neitt á meðan ris stendur yfir, auk þess sem flúorkolefni (CF_4 , C_2F_6), sem eru sterkar gróðurhúsalofttegundir, myndast. Með nútíma framleiðslutækni er hægt að hafa góða stjórn á tíðni risa. Í núverandi framleiðslu er áætlað að losun flúorkolefna verði um 0,02-0,04 kg á hvert unnið tonn af áli. Álið safnast úr raflausninni við bakskaut á botni keranna en ofan á flýtur lag af raflausn. Álið er sogað upp í deiglu sem eru fluttar á vögnum yfir í steypuskála. Til þess að halda góðu varmajafnvægi í kerunum er aðeins tekinn hluti af álinu í einu en magni áltökunnar er stýrt með tölvubúnaði.

Í skautsmiðju eru forbökuð innflutt skaut fest á skautgaffla. Forskautin eyðast smám saman upp við rafgreininguna þegar kolefni í forskautunum hvarfast við súrefni í súrálinu og rýkur burt sem CO_2 . Þegar forskautin hafa brunnið hæfilega mikið eru skautgafflarnir teknir upp og skautleifarnar losaðar frá tindunum með skautbrjóti. Skautgafflarnir eru hreinsaðir, gert við þá og sett á þá ný skaut. Skautleifar eru fluttar út til endurvinnslu.

Í hverju keru eru mörg forskaut og er líftími þeirra 28-32 dagar. Skipt er um forskautin eftir ákveðnu kerfi, til dæmis 2 skaut á tveggja daga fresti, þannig að alltaf verður jöfn aldurdreifing á skautum í hverju keru. Þá eru tekin út 2 skaut í einu og 2 ný sett í staðinn. Skautleifin, skurnin og súrálið sem þekur skautin fer í efnisendurvinnslu til endurnotkunar. Skautleifin er brotin niður og send til framleiðanda rafskautanna, sem nýtir skautbrotin í framleiðslu á nýjum forskautum. Skurnin og þekjuefnið eru endurunnin í álveri Alcoa og notuð aftur í framleiðslunni.

Meðallíftími fóðringa í kerum er 5-7 ár. Í lok endingartímans eru kerin flutt úr kerskálunum í kerfóðrunarstöð þar sem þau eru endurbyggð. Kerbrotin sem verða til þegar notuðu fóðringarnar eru brotnar úr kerunum flokkast sem spilliefni vegna þess að þau innihalda meðal annars vatnsleysanleg flúoríð (F^-) og sýaníð (CN^-), sem eru hættuleg fyrir ferskvatnslífverur.

Í steypuskála eru notaðar steypuvélar til að umbreyta fljótandi áli frá kerskálunum í stangir, hleifa og álvír áður en það er flutt út. Með því að blanda öðrum efnum eins og magnesíum og kísli út í álið má fá þær málmblöndur sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Til að fjarlægja óhreinindi og gjall er argongasi blásið í deiglurnar og gjall og skánir skafnar ofan af.

1.2 Lýsing á hráefnum, hjálparefnum og öðrum efnum sem eru notuð eða framleidd í stöðinni.

Súrál

Súrál (Al_2O_3) er unnið úr baxíti með því að sjóða baxítið í natríum hydroxíði. Þetta er gert til að fjarlægja einkum járn, en einnig kísil, títan og snefilefni úr baxítinu. Baxít er náttúrulegt jarðefni sem finnst einkum á svæðum í hitabeltinu og á heittempruðum svæðum. Það fer eftir svæðum hvaða snefilefni eru í baxítinu. Natríum innihald súralsins eftir vinnsluna er nóg til að mynda krýólít raflausnina með viðbættu álflúoríði. Súrál er sogað upp og dælt í súralsgeyma og síðan dreift til kerskála og þurrhreisistöðva með þéttflæðikerfi.

Álflúoríð

Til að vinna á móti því flúoríði sem tapast úr vinnslunni er álflúoríði (AlF_3) bætt út í raflausnina (krýólít) í rafgreiningarkerunum til að stilla af rétta samsetningu á raflausninni. Álflúoríð er meðhöndlað í lokuðu kerfi og smitast lítið út. Álflúoríð er mjög sjaldgæft í náttúrunni og er því oftast framleitt úr áloxíði.

Forskaut

Forskaut eru búin til úr olíukoksi með bikmassa sem eru forbökuð í sérstökum rafskautaverksmiðjum. Vegna þess að þau eru forbökuð þá eru ekki í þeim rokgjörn fjölrhinga vetniskolefnissambönd (PAH). Forskautin innihalda allt að 1,5% brennistein á móti kolefninu, en auk þess geta verið ýmis snefilefni í þeim eins og í öðrum lífrænum efnum, sem unnin eru úr náttúrulegum efnum. Forskautin brenna upp með súrefni, sem losnar frá súráli við rafgreininguna, og mynda einkum koldíoxíð (CO_2), en einnig brennsiteinsdíoxíð (SO_2).

Í skautsmiðju Alcoa Fjarðaáls eru skautgafflar settir í skaut til að leiða straum inn í þau. Til að festa skautin við gafflana er bráðnu járn hellt með tindunum ofan í göt á hverju skauti.

Kerfóðringar

Á 5-7 ára fresti þarf að endurfóðra kerin með múrsteinum eða eldföstum steini. Einnig fara í kerin bakskaut, sem eru úr kolefni ásamt straumleiðurum. Um nokkrar gerðir af eldfösum steinum getur verið að ræða og eru fóðringarnar þéttar með steinlími eða þjöppusalla. Þegar kerin eru brotin upp þá er kerkápan endurnýtt. Straumleiðurum ásamt öðrum efnum þarf að farga eða flytja til endurvinnslu annars staðar. Steinarnir eru í grunninn óvirkt efni en í þá smitast flúoríð, sýaníð og ál.

Þjöppusalli er notaður til að þétta kerin. Efnið sem Alcoa-Fjarðaál notar inniheldur ekki PAH efni.

Olía

Í álverinu er gasolía notuð á farartæki. Innan lóðar er einn afgreiðslutankur fyrir olíu við afgreiðsluplan með olíuskilju. Auk þess er vökvaolía (glussi) á ýmsum tækjum og búnaði. Mest notkun á slíkum tækjum er innanhúss og á svæðum með bundu slitlagi.

Spennaolía

Spennaolía er á rafspennum sem þjóna álverinu. Stærstu spennar eru í aðveitustöð álversins við vesturenda lóðar álversins, en minni spennar eru í spennistöðvum við notkunarstaði víða á lóðinni. Rafspennar eru innandyrna eða yfirbyggðir utandyra í þróm.

Þar sem álverið var allt byggt eftir árið 2000 hefur PCB aldrei verið notað í spennaolíu og á þétta.

Raflausn

Raflausn er aukaafurð sem getur orðið til við álframleiðslu. Raflausnin inniheldur krýólít sem er natríum álflúoríð. Hún er sogin upp úr rafgreiningarkerunum, kæld og möluð í efnisvinnslu og notuð aftur í rafgreiningarker.

Álgjall

Álgjall og skánir myndast í ofnum steypuskála. Álgjalið, sem fleytt er ofan af bráðnu álinu, inniheldur auk áls snefil af öðrum málum. Álgjall er sent til endurvinnslu. Í álgjali geta verið hættuleg efni eins og ammoníak og álnítríð sem hefur þann eiginleika að brenna í vatni.

Kerbrot

Bakskaut og kerfóðring brotna smám saman niður á allmörgum árum. Þá þarf að brjóta fóðringuna úr kerunum en við það myndast kerbrot. Kerfóðringin smitast af flúoríði og áli auk þess sem eldfasti steinninn molnar niður og blandast í þau. Þar sem afoxun fer fram við bakskautin getur myndast sýaníð. Sýaníð er efnasamband kolefnis og köfnunarefnis og er eitrað fyrir vatnalífverur sem þurfa súrefni. Kerbrot eru hreinsuð úr kerum innanhúss, flokkuð í gáma og send erlendis til förgunar eða endurvinnslu.

1.3 Lýsing á losun frá stöðinni

Losun til andrúmslofts

Stærsta uppspretta losunar í andrúmsloft er frá kerskálum og þurrhreinsistöðvum. Við rafgreiningu í kerunum er súráli skammtað í kerin þar sem það leysist upp og klofnar í raflausninni (krýólíti). Við rafgreininguna stígur upp blanda af gasi og rykögnum. Gasið inniheldur aðallega koltvísýring (CO_2), kolsýring (CO) og brennisteinsdíoxíð (SO_2), auk loftkennds flúoríðs (HF). Kerreyknum er haldið inni í kerinu af þekjunum sem loka því og hann síðan leiddur um afsogsstokka í þurrhreinsistöðvar þar sem hann kemst í snertingu við súrál, sem er dreift inn í kerreykinn. Súrálið dregur til sín og heldur eftir vel yfir 99,5% af flúoríðinu.

Kerreykurinn er síðan leiddur í gegnum pokasíur sem hreinsa að mestu áloxíð og ryk úr kerreyknum. Að endingu er hreinsaða kerreyknum sleppt út í andrúmsloftið í gegnum strompa. Hlaðna (flúorbætta) súrálið er sent til baka til rafgreiningarkeranna og verður þannig hluti af hringrás endurnýtingar.

Vindrós sýnir að austlægar og vestlægar vindáttir eru ríkjandi í Reyðarfirði.

Losun til sjávar

Rafgreining á áli er alveg þurrt ferli og ekkert vatn er notað.

Í ferlum tengdum steypuvélum er vatn notað til kælingar. Vatn er endurnýtt í sérstökum kerfum.

Olúgildir eru tengdar þar sem hugsanlegt er að olía geti komist í frárennsli. Alls eru olúgildir á þremur stöðum á svæðinu, sums staðar fleiri en ein. Vatnsfrárennsli frá olúgildrum fer síðan í hreinsitjarnakerfi álversins.

Neysluvatn frá starfsmannaaðstöðu er leitt um fjögurra þrepa skólphreinsistöð til sjávar. Stöðin þjónar öllu athafnasvæðinu að Hrauni.

Regnvatn af plönum og þökum álversins fer í regnvatnslögn út í kerfi með hreinsitjörnum á tveimur svæðum. Yfirborðsvatn getur mengast af efnum sem það kemst í tæri við. Þannig getur regnvatn af þökum og lóð innihaldið eitthvað af ryki og flúoríði, sem hefur farið upp um þak kerskála. Einnig getur verið í því uppleystir málmar eins og sink vegna tæringar á mannvirkjum utanhúss.

Meðhöndlun efna

Lágmarksmeðhöndlun og flutningur efna á sér stað utanhúss. Meðhöndlun er að mestu innanhúss og flutningar eru í lokuðum kerfum og gámum. En meðhöndlun þeirra getur valdið mengun jarðvegs. Þar má nefna raflausn, kerbrot, gjall og olíur.

2 Hættuleg efni sem fjallað verður um

Helstu hættuleg efni sem skoðuð hafa verið með tilliti til jarðvegs og grunnvatnsmengunar, ásamt yfirliti um eiginleika og meðhöndlun þeirra.

Flúoríð

Loftborðið og rykbundið flúoríð berst frá hreinsivirkjum álversins og mæni kerskála, auk þess sem flúoríð getur smitast í jarðveg frá tækjum og búnaði. Einnig er flúoríð í kerbrotum og raflausn sem er meðhöndlað á staðnum. Flúoríð á því möguleika á að dreifast um allt svæðið.

Sýaníð

Sýaníð getur smitast úr frá vinnslu kerbrota, en getur einnig myndast við loftfirrt niðurbrot á lífrænum efnum. Kerbrot eru sett í gáma við kerbrotastöð og flutt á hafnarsvæði til útflutnings.

PAH

PAH efni eru sögulega tengd álverum, en eru í lágmarki hjá Fjarðaáli þar sem notuð eru forbökuð rafskaut með bestu aðgengilegu tækni. Alcoa notar ekki kragasalla sem er þekkt uppspretta PAH efna. Þá getur verið PAH smit í jarðvegi frá uppbyggingartíma álversins.

Olíur og önnur lífræn efni

Olíur eru notuð á mörg farartæki og búnað, auk þess sem spennaolía er á spennum. Þá getur verið olía í jarðvegi frá uppbyggingartíma álversins. Árið 2010 varð eldsvoði í aðveitustöð álversins þar sem spennaolía brann. Þróarkerfi stöðvarinnar náði að taka við og meðhöndla það slökkvivatn sem notað var og smitast hafði af olíu.

Klórlifræn efni verða ekki skoðuð þar sem Fjarðaál var byggt sem nýtt álver á nýjum stað eftir árið 2000 og engin slík efni hafa verið notuð þar. Enginn klór er notaður við álvinnslu þannig að myndun slíkra efna á sér ekki stað.

Málmar

Allri málmvinnslu og iðnaðaruppbyggingu geta fylgt ýmsir aðrir málmar heldur en þeir málmar sem unnið er með, ál í tilviki álvers. Því voru, við rannsóknir á svæðinu (sjá kafla 7.2), greindir helstu þungmálmar í stöðluðum greiningarpökkum. Einnig var skoðað antimón (Sb), en í rannsóknum á mosa hefur það frumefni greinst í kringum álver.

3 Mat á mögulegri mengun á staðnum

Í þessum kafla verður fjallað um mögulega uppsöfnun á efnum í jarðvegi og grunnvatni.

3.1 Umfang mögulegrar losunar

Flúoríð

Í dag fara um 90-100 tonn á ári af flúoríði í gasformi og ryki til andrúmslofts frá álveri Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Umhverfismælingar fyrirtækisins sýna að það leggi undan ríkjandi vindátt hverju sinni. Auk þess er umfangsmikil endurvinnsla á flúoríð mettuðu súráli við þurrhreinistöðvar og raflausn í efnisvinnslu í gangi á hverjum tíma. Þá er raflausn hreinsuð frá notuðum forskautum og einnig innihalda kerbrot flúoríð. Mikið af vinnslu á hlöðnu súráli og raflausn fer fram í opnum ferlum innanhúss, þannig að flúoríð berst ekki beint í jarðveg nema ef leki kemur að lögnum eða ef faratæki smita frá sér efnum. Flúoríð innihaldandi efni eru einnig flutt til og frá kerbrotastöð og skautsmiðju og til hafnarsvæðis. Flutningur frá kerbrotastöð til hafnarsvæðis er í sér smíðuðum, lokuðum gámum sem eru hannaðir sérstaklega fyrir þennan flutning.

Natríum flúoríð er auðleyst í vatni en álflúoríð leysist lítið. Krýolít er nokkuð torleyst í hreinu vatni, en leysist upp í klóríðlausn. Flúoríð á svæðinu, sem smitast út í jarðveg, berst að lokum til sjávar með úrkomu og saltvatni eftir að hafa farið í gegnum hreinsitjarnir. Lítið grunnvatn er á svæðinu, en sigvatn kemur undan lóðinni á tveimur stöðum fyrir ofan fjörukant.

PAH

Fjölhringa arómatísk vetniskolefni (PAH) eru hálfrokjörn sambönd sem eru helst í óbökðuðum kolefnismassa, eins og notaður var í kragasalla í eldri álverum. Alcoa Fjarðaál hefur ekki notað kragasalla. Þjöppusalli Fjarðaáls inniheldur ekki PAH efni. Losun til andrúmsloft á PAH efnum er í lágmarki frá álverum sem nota forbökðuð rafskaut en PAH efni geta einnig hafa smitast út í uppbyggingu álversins.

Olíur

Olíur geta smitast í vatn og jarðveg frá olíuafgreiðslu og smiti á olíu frá tækjum. Einnig ef kemur upp eldur í olíubirgðum og ef olíuleki verður úr búnaði. Eldsvoði árið 2010 gæti mögulega hafa valdið smiti í jarðvegi á svæðinu þó svo að talið sé að búnaður hafi náð að taka við mögulega menguðu vatni. Alls staðar þar sem olía er meðhöndluð, eru olíugildrum eða safnþrær. Þar sem vatnsfrárennsli er frá olíugildrum fer það í hreinsitjarnakerfi álversins.

Sýanið

Sýanið (CN) mengun fylgir almennt kerbrotum í álverum þar sem það myndast við afoxandi aðstæður við bakskaut rafgreiningarkeranna. Efnið getur einnig orðið til þar sem olíur og bik, sem innihalda bundið köfnunarefni (N), brotna niður í jarðvegi við lofffirrtar aðstæður. Kerbrot eru meðhöndluð innanhúss og flutt af svæðinu í lokuðum gámum.

Málmur

Í súráli, rafskautum, straumleiðurum og kerfóðringum eru aðrir málmur en ál sem smitast úr hráefnunum yfir í afurðirnar. Mest fer í framleiðsluna, en einnig geta málmur farið út með útblæstri og yfir í kerbrot og skautleifar. Þá er mikill hluti bygginga klæddur með málmklæðningum eða með málmundirstöðum sem geta tærst/smitað uppleystum málmjónum út í umhverfið með úrkomuvatni og særoki. Nokkrir hálmálmur svo sem arsen og antimon geta tengst brennisteini í rafskautum og því borist út sem loftborin mengun. Einnig gætu málmur smitast í vatn og jarðveg við uppbyggingu álversins.

3.2 Staðsetning mögulegrar uppsöfnunar

Engin atvik eru þekkt sem talið er að geti sérstaklega hafa orsakað mengun í jarðvegi á tilteknum stöðum. Því er miðað við að helst sé jarðvegsmengun að finna í nágrenni við helstu starfsstöðvar og flutningaleiðir. Mengun í vatni er helst að finna við hreinsitjarnir þar sem safnanlegu yfirborðsvatni er beint þangað ásamt öðru frárennsli en skólpi.

3.3 Mengunarvarnir

Álverið var byggt nýtt í einum áfanga og tók til starfa árið 2007. Álverið er nýjast álvera á Vesturlöndum og allur búnaður í samræmi við bestu tækni.

Kerbrotastöð var reist árið 2011, en þá mátti reikna með að fyrstu ker þyrftu að fara í endurnýjun. Síðan þá hefur verið brotið úr ónýtum kerum innanhúss.

Kælivatn frá álverinu er leitt um hreinsikerfi til endurnýtingar á vatni. Frárennsli af þökum og plönnum er beint í niðurföll með frárennsli sem enda í hreinsitjörnum á leið til sjávar. Sandföng eru á niðurföllum og olíugildur þar sem vænta má að olía fari í niðurföll.

Frá upphafi reksturs hefur verið einn ofanjarðar olíugeymir á afgreiðsluplani, tengdur við olíuskilju til að taka við mögulegum lekum. Lóðin er hönnuð með tilliti til þess að mögulegir lekar á lóð fari ákveðnar leiðir sem enda í hreinsitjörnum. Allur rafbúnaður með spennalíu er í þróun eða innanhúss.

4 Saga staðarins

4.1 Fyrri notkun á lóð Alcoa Fjarðaáls

Áður en uppbygging álvers í Reyðarfirði hófst á árunum eftir 2000 var engin iðnaðarstarfsemi á svæðinu (**mynd 2**). Núverandi starfsemi Alcoa Fjarðaáls fer fram á um 88 ha lóð.

Vestan við álverið er hafnarsvæði Mjóeyrarhafnar. Auk hafnarinnar er þar ýmis þjónustustarfsemi, sem byggst hefur upp eftir að álverið hóf starfsemi.

Áður var á svæðinu landbúnaðarsvæði með framræstum túnum og beitarnandi. Bærinn Sóma-staðir var rifinn en gamla húsið í Sómastaðagerði, norðan við þjóðveginn, var endurbyggt.



Mynd 2. Loftmyndir sem sýna þróun á lóð Alcoa-Fjarðaáls. Loftmyndirnar árin 2002 (efri mynd) og 2021 (neðri mynd) eru teknar af vef Loftmynda (www.map.is) í febrúar 2022. Á myndinni frá árinu 2002 sést að vinna við breytingu á þjóðvegi 92 er hafin og á lóðarsvæði Alcoa-Fjarðaál eru einungis tvö mannvirki, mastur til að mæla veðurfar á svæðinu á miðri mynd og bæjarhús austan til á myndinni. Á túni þar fyrir neðan eru heybaggar. Grjótá liggur til sjávar fyrir vestan húsin og heybaggana. Norðan við þjóðveginn er Sómastaðagerði. Árið 2021 sést álverið fullbyggt ásamt hafnarsvæði Mjóeyrarhafnar. Gamla húsið í Gerði var endurgert. Grjótá hefur verið færð austur fyrir lóð álversins. Skurður sem safnar yfirborðs- og sigvatni úr hliðinni liggur norðan við lóð álversins til vesturs frá Sómastaðagerði.

4.2 Þróun og atburðir í rekstri Alcoa Fjarðaál

Álverið var reist í einum áfanga, en framleiðsla hefur aukist smám saman með hærri straumi á kerlínu og betri nýtingu búnaðar. Kerbrotastöð var byggð síðar þegar kerbrot fóru almennt að falla til úr rekstri álversins.

Eini stóri atburðurinn við lóð Alcoa Fjarðaáls var stór bruni í afriðlastöð sem þjónar álverinu þann 18. desember 2010. Þá brann spennalía í spennni og í olúgryfju undir spenninum. Mikið vatn fór niður í kerfið á svæðinu en talið er að engin mengun hafi dreifst út fyrir mengunarvarnir. Ýmis minni atvik hafa átt sér stað, en engin sem eru líkleg til að hafa haft áhrif á samsetningu grunnvatns eða jarðvegs.

5 Lýsing á staðháttum

5.1 Lega lands og yfirborð

Lóð álvers Alcoa Fjarðaáls stendur við sjó við norðanverðan Reyðarfjörð þar sem lítil eyri er við fjörðinn (Mjóeyri). Halli landsins hefur verið jafnaður út þannig að sprengdu efni hefur verið jafnað fram í átt að ströndinni og þannig búið til sléttara land fyrir starfsemi álversins. Meðfram ströndinni er hár grjótkantur og fyrir neðan grjótkantinn er eldri fjörुकantur og litlar eyrar.

5.2 Jarðfræði og grunnvatn

Reyðarfjörður er eitt af elstu hraunasvæðum landsins með megineldstöð í firðinum. Fjörðurinn hefur verið mótaður af ísaldarjökli og síðar hafa litlar ár og lækir skorið gil og skörð í hlíðar fjallanna. Grunnvatn er helst í skriðum undir fjallshlíðum. Á lóð álversins rennur sigvatn undan lóðinni á tveimur stöðum.

5.3 Yfirborðsvatn

Yfirborðsvatni er beint frá lóð álversins. Grjótá hefur verið færð austur fyrir lóð álversins þannig að hún rennur til sjávar með austurmörkum lóðarinnar. Annar skurður hefur verið lagður til vesturs frá Grjótá, norðan þjóðveggarins, vestur fyrir Sómastaðagerði og svo sunnan þjóðveggarins í gegnum athafnasvæðið vestan við álverslóðina og til sjávar, vestan við hafnarsvæði Mjóeyrarhafnar (**mynd 2**). Yfirborðsvatni innan lóðar er safnað í tvö hreinsipróarkerfi, annað í suðvesturhorni lóðarinnar og hitt við suðausturenda hennar. Frá þeim rennur vatn svo til sjávar. Á gróinni eyri neðan við grjótkantinn kemur sigvatn úr grjótkantinum og rennur út á tveimur stöðum til sjávar. Eystri sigvatnsrásin er í gömlum farvegi Grjótár á eyrinni.

5.4 Lóð

Lóð fyrirtækisins nær frá vegi og niður að sjó. Sá hluti lóðarinnar sem er innan girðingar hefur verið jafnaður, hinn hlutinn er óhreyfður. Strandlínan er látin halda sér, óhreyfð að mestu. Norðan við lóðina liggur þjóðvegur 92, sem byggður var upp á núverandi

stað árið 2002 áður en framkvæmdir hófust á lóð álversins. Framkvæmdir á lóð álversins hófust svo árið 2004 og framleiðsla árið 2007.

Lóðin var sprengd og jöfnuð út áður en hafist var handa við að reisa byggingarnar. Grjótkantur var byggður upp með ströndinni og aðalvinnslusvæðið jafnað út þar fyrir ofan. Samhliða framkvæmdum á lóð álversins var Mjóeyrarhöfn byggð til að þjónusta álverið og aðra starfsemi á svæðinu. Lóðinni hallar í átt að hafnarsvæðinu vestan megin og bílastæðin suðaustan megin við álverið, þar sem hreinsitjarnirnar eru.

5.5 Nágreppi og áhrifasvæði

Mjóeyrarhöfn

Mjóeyrarhöfn liggur vestan við álverið. Neðri hæð steypuskálans snýr að hafnarsvæðinu og gámvelli þess. Á hafnarsvæðinu er einnig löndunarbúnaður fyrir súrál og álflúoríð. Aðkomuhlið fyrir flutninga inn á álverslóðina er frá gámasvæðinu.

Annað aðkomuhlið er á efri hluta hafnarsvæðis þar sem ýmis þjónustustarfsemi hefur aðsetur.

Sómastaðagerði

Gamla húsið að Sómastaðagerði stendur norðan við þjóðveginn, norðan við álverið undir fjallshlíðinni. Beint fyrir ofan er Sómastaðatindur, 963 m hár.

Hólmar og Hólmanes

Austan við álverið er land Hólma. Næst álverslóðinni eru skriðu-og framhlaupssvæði en svo bærinn og gömul tún. Austar er Hólmanes, friðlýstur fólkvangur með sérstæðum klettamyndunum. Fyrir ofan er Hólmatindur, 985 m hár.

Sómastaðir og Hraun

Vestan við álverið er land Sómastaða, en bæjarhús að Hrauni stóðu á lóðinni. Ofan við þjóðveginn eru nú meðal annars torfærubraut og skógrækt lengra frá álverinu.

Meðhöndlun úrgangs

Á iðnaðar- og hafnarsvæðinu er úrgangi safnað til endurvinnslu. Almennur úrgangur til urðunar fer á urðunarstað. Urðunarstaður er sunnan fjarðar í Þernunesi, nokkrum kílómetrum austar.

Meðhöndlun skólps

Skólp frá svæðinu er hreinsað í hreinsistöð með fjögurra þrepa hreinsun, sem þjónar álverinu og iðnaðarsvæðinu við Mjóeyrarhöfn.

Reyðarfjörður

Reyðarfjörður er djúpur fjörður sem liggur frá austri til vesturs, sunnan við lóð álversins. Reyðarfjörður er um 30 km langur, en fjarðarbotn er rúmum 6 km vestan Mjóeyrarhafnar. Fjörðurinn er misdjúpur en enginn þröskuldur er í firðinum. Eskifjörður er innfjörður úr Reyðarfirði til norðurs um 6 km austan við Mjóeyrarhöfn. Hólmanes er á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Fjörðurinn er umkringdur háum fjöllum sem eru afgerandi þáttur í að stýra vindi á svæðinu.



Mynd 3. Yfirlitsmynd, sem sýnir nágrenni Alcoa-Fjarðaáls tekin af vef Loftmynda (www.map.is) í mars 2022.

6 Einkenni svæðisins

6.1 Almennt

Lóð álvers Alcoa Fjarðaáls stendur við sjó við norðanverðan Reyðarfjörð þar sem lítil eyri er við fjörðinn. Halli landsins hefur verið jafnaður út þannig að sprengdu efni hefur verið jafnað fram í átt að ströndinni og þannig búið til sléttara land fyrir starfsemi álversins. Meðfram ströndinni er hár grjótkantur og fyrir neðan grjótkantinn er eldri fjörुकantur og litlar eyrar.

Höfnin er byggð upp með efni úr lóðinni á svæðinu vestan við álverið. Steypuskáli álversins er vestast á lóðinni, norðan við hafnarsvæðið. Við hlið steypuskálans eru hráefnageymar fyrir súrál og álflúoríð. Norðan við hráefnageymana er aðveitustöðin, þar sem bruninn árið 2010 átti sér stað. Austan við aðveitustöðina eru kerskálur álversins og sunnan við þá er skautsmiðjan. Við vesturenda hennar kerskálamegin er olíuafgreiðslutankur. Sjávarmegin við skautsmiðjuna er svo aðal umferðaleiðin um álverslóðina. Austan við skautsmiðjuna er önnur starfsemi á lóð álversins, þar á meðal meðhöndlun raflausnar og kersmiðja og kerbrotastöð.

Norðan við kerskálana er akstursleið sem liggur að steypuskálanum, en ofan við akstursleiðina er víðast brekka eða stallur þar sem lóðin var sprengd fram á byggingartíma álversins.

Meðfram byggingum er frágangur með hörðu yfirborði sem hægt er að hreinsa ef eitthvað fellur út og safna yfirborðsvatni í hreinsikerfi. Utan við það er svo gróið svæði með drenlögunum í.

6.2 Mögulega mengaðir staðir

Staðir sem taldir voru mögulega mengaðir eru staðir utan við bundið slitlag, nálægt helstu vinnslustöðum í álverinu. Sýnatökustaðirnir eru sýndir á **mynd 4**.

Alcoa Grunnástandsskýrsla Sýnatökupunktur

Jarðvegur

1. Hráefnatankar/spennar
2. Olíuafgreiðsla
3. Skautsmiðja 1
4. Skautsmiðja 2
5. Þurrhreinsun 1
6. Þurrhreinsun 2
7. Raflausn
8. Við kerbrotahús
9. Jaðar 1
10. Jaðar 2
11. Jaðar 3
12. Jaðar 4

Vatn

- I. Setbró 1
- II. Setbró 2
- III. Sigvatn 1
- IV. Sigvatn 2
- V. Vatn ofan lóðar



Mynd 4 Yfirlit af lóð álversins og sýnatökupunktur. Jarðvegssýnatökustaðir eru merktir með gulu 1 til 12. Vatnssýnatökustaðir eru merktir með bláu I til V.

7 Rannsóknir á svæðinu

7.1 Eldri rannsóknir

Áður en álverið var reist fóru fram ýmsar rannsóknir. Gerð var grein fyrir þeim í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Sú rannsókn sem helst tengist við grunnástandsskýrsluna var rannsókn sem sneri meðal annars að styrk efna í gróðri, jarðvegi og yfirborðsvatni. Ekki fóru fram rannsóknir á þungmálmum eða olíum í jarðvegi, en þungmálmur og PAH efni voru mæld í yfirborðsvatni (sjá fylgiskjal 1). Niðurstöður á rannsóknum á vatnsleysanlegu flúoríði í jarðvegi sýndu mjög lág gildi, þungmálmur í vatni voru flestir undir greiningarmörkum, en helsta athygli vekur að PAH mældist í nokkrum ám, hæst í Grjótá, um 2 µg/l.

Síðar hafa verið framkvæmdar rannsóknir samkvæmt vöktunaráætlun og mælingar, sem tilgreindar eru í starfsleyfi fyrirtækisins. Helstu niðurstöður hafa verið settar fram í árlegri sjálfbæriskýrslu Alcoa-Fjarðaál og í skýrslum um einstakar rannsóknir. Meðal þeirra hafa verið rannsóknir á flúoríði í gróðri og rannsóknir á flúoríði, olíu og svifögnum í frárennsli (**tafla 1**).

Tafla 1 Niðurstöður mælinga í frárennsli frá hreinsitjörnum.

		2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	
Olía og fíta	Lægsta mæld	<2	<2-	<2	<2-	<2	<2-	<2	< 2-	mg/L
	Hæst mæld		5		11		7		10	
Ál	Lægsta mæld	0,073-	0,073-	0,1-	0,1-	0,46-	0,67-	0,37-	0,07-	mg/L
	Hæst mæld	0,460	0,460	0,65	0,4	0,69	1,70	1,1	0,32	
Flúor	Lægsta mæld	1,60-	3,4-	4,5-	4,1-	5,3-	1-	4,1-	6,6-	mg/L
	Hæst mæld	6,44	8,4	8,6	7,9	9,2	8,6	11	10,0	

* úr Grænu bókhaldi, kafla 7.1 í Samfélagsskýrslu Fjarðaál 2016 og kafla 7.2 í Samfélagsskýrslu Fjarðaáls 2020. Fyrir hvert ár er gefið hæsta og lægsta mæld gildi hvers árs.

Sumar rannsóknir tengjast stærri rannsóknarverkefnum eins og til dæmis rannsóknir á þungmálmum í mosum, en þær hafa farið fram samhliða samevrópskri rannsókn á þungmálmum í mosum. Skýrsla hefur verið gefin út um þungmálma í mosum í nágrenni iðjuvera á Íslandi, nú síðast skýrsla um rannsóknir árin 1990-2015, sem kom út árið 2018. Ítarleg mæling fór fyrst fram árið 2000 í Reyðarfirði og hefur hún verið endurtekin síðan á fimm ára fresti, en árin 1990 og 1995 var eitt mosasýni tekið í firðinum til þungmálmagreiningar (Sigurður H. Magnússon 2018. Vöktun þungmálma og brennisteins í mosa á Íslandi 1990–2015. Áhrif frá iðjuverum og eldvirkni (pdf, 22 MB) Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-18006. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.)

7.2 Nýjar rannsóknir

Við áætlunargerð fyrir nýjar rannsóknir var stuðst við ÍST ISO 18400 – 2018, Soil Quality Sampling, og þá sérstaklega hluta 203 Investigation of potentially contaminated sites. Farið var yfir svæðið og sögu þess og mögulega mengaðir staðir merktir inn á kort. Jafnframt var höfð hliðsjón af aðferðafræði samkvæmt ASTM E1527-2013, Standard Practice for Environmental Site Assessments: Phase I Environmental Site Assessment Process.

Jarðvegssýni

Í ljósi þess að álverið er eitt nýjasta álver á Vesturlöndum og lögð var áhersla á bestu tækni og góða hönnun við skipulag og byggingu þess, var miðað við að taka sýni í jarðvegi á opnu svæði nálægt helstu mögulegu mengunaruppsprettum. Ekki var gert ráð fyrir að rjúfa bundið slitlag eða bora niður úr steiptum plötum. Til viðmiðunar voru tekin fjögur sýni utan við það svæði sem aðalstarfsemi fer fram en þó þar sem ekki var að vænta áhrifa frá öðrum aðilum. Sýnatökustaðir eru sýndir á **mynd 4** í kafla 6.2.

Tekin voru 12 jarðvegssýni og þau send í efnagreiningu. Staðir 1 til 8 eru nálægt helstu vinnslustöðum og staðir 9 til 12 eru á jaðri umhverfis álverið. Almennt gildir um mengun í jarðvegi að mengunarefni safnast í fínefni og því var reynt að finna staðsetningar þar sem fínefni voru til staðar.

Sýni voru tekin þannig að jarðvegurinn var losaður með gröfu niður á 20 til 50 cm dýpi. Sýnið var svo tekið úr fínefni inni í miðri holunni á stað þar sem engin snerting hafði átt sér stað með gröfunni. Allar staðsetningar voru þannig að það hallaði að sýnatökustaðnum frá næsta bundna slitlagi, nema sýni 9, 10 og 12, þar sem svæðið umhverfis var slétt. Gras eða gróður var yfir öllum staðsetningum og auðvelt að komast í fínefni. Milli kerskála var ekki hægt að koma við gröfu. Þar voru handmokaðar holur á grassvæðum milli kerskálanna. Sýni voru svo tekin með sama hætti. Á svæðinu fyrir norðan álverið var einnig handmokað til að taka jarðvegssýni.

Greining fór fram á vegum vottaðrar rannsóknarstofu í Alsgöbal í Svíþjóð. Olía, PAH, málmar, vatnsleysanlegt flúoríð og heildar sýanið voru greind í öllum sýnum samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Vatnssýnataka

Sýnatökustaðir merktir I til V eru sýndir á **mynd 4**. Miðað var við að taka sigvatn undan lóðinni sem næst þeim stað þar sem það kom út úr bakkanum. Sýni úr hreinsitjarnakerfi var tekið eins nálægt útfalli eins og hægt var að komast. Samanburðarsýni var tekið úr Grjótá ofan við svæði fyrir neðan lítinn foss í brekkunni þar sem ánni er veitt til austurs. Þannig fékkst mat á gæðum vatns sem kemur inn undir lóð álversins, til samanburðar við vatn sem kemur úr hreinsitjarnakerfinu og sigvatni undan lóðinni.

Öll sýni voru greind samkvæmt vottuðum greiningarpakka hjá Alsgöbal í Svíþjóð fyrir ólífræn efni í grunnvatni, olíur og PAH efni, auk þess sem sýanið var mælt í öllum sýnum. Greiningmörk eru tilgreind í fylgiskjali með niðurstöðum frá rannsóknarstofunni.

8 Samantekt um grunnástand

8.1 Inngangur

Frá árinu 2007 hefur Alcoa Fjarðaál verið með starfsemi á athafnasvæði sínu.

Svæðinu má skipta í nokkra hluta sem hér segir:

- Svæði með byggingum þar sem starfsemi fer fram innanhúss.
- Svæði milli bygginga þar sem starfsemi fer fram innanhúss.
- Flutningaleiðir og geymslusvæði með bundnu slitlagi.
- Svæði mismikið gróin sem ekki eru með bundnu slitlagi.
- Svæði í kringum álverið.

Sjá nánar á **mynd 2**. Þessi skýrsla tekur saman yfirlit um grunnástand lóðarinnar innan lóðarmarka og á jaðri lóðarinnar með tilliti til jarðvegs og vatns.

8.2 Vatn

Vatn frá lóðinni er sigvatn undan svæðinu, sem gæti flokkast sem grunnvatn, og vatn í hreinsitjarnakerfi álversins, en þar er um að ræða yfirborðsvatn og annað vatn af sem safnast af svæðinu inni í lagnkerfi lóðarinnar. Samanburðarsýnið er yfirborðsvatn úr Grjótá í hlíðinni fyrir ofan álverið.

Niðurstöður mælinga á vatni eru sýndar í **töflu 2**. **Tafla 2a** sýnir ólífræn efni. Umhverfismörk eru skilgreind fyrir nokkra málma og næringarsölt í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Þar eru mörk flokkuð blá, græn, gul, appelsínugul og rauð, þar sem rautt lýsir óviðunandi ástandi. **Tafla 2b** sýnir niðurstöður fyrir sýaníð og lífræn efni, þ.e. olíuefni og PAH. Þar eru allar mælingar undir greiningarmörkum. Mælingar frá 2004 sýna PAH í vatnssýnum á svæðinu hæst í Grjótá, 2 µg/l. Eldri vöktunarmælingar samkvæmt starfsleyfi hafa sýnt stök gildi fyrir olíu yfir greiningarmörkum og mörkum fyrir olíu í frárennsli í starfsleyfi frá hreinsiprómi.

Niðurstöður sýna að styrkur efna í vatni er í nánast öllum tilvikum lægstur í Grjótá nema fyrir kísil og zink. Kísill er lágur og breytilegur á svæðinu, en zink er undir greiningarmörkum í austari sýnunum neðan álversins. Vestari sýnin neðan álversins eru mun hærrí í zinki.

Vatnssýni frá vestari hluta lóðarinnar eru áberandi hærrí í nokkrum gildum fyrir nokkra málma, þ.m.t. ál, baríum, kadmíum, mangan, molybden, nikkell, blý og zink. Zink er einnig afgerandi hæst í sýni I frá vestari hreinsitjörnunum. Nikkell og zink hækka um flokk miðað við reglugerð nr. 796/1999. Einnig hækkar kopar á allri lóðinni um flokk miðað við vatn úr Grjótá.

Greiningarmörk eldri mælingar með tilliti til þungmálma voru mun hærrí þannig að ekki er hægt að sjá hvort mæld gildi séu lægri eða hærrí nú, nema zink mælingin úr vestari hreinsitjörnunum er áberandi hærrí.

Þá vekur athygli að nítrat hækkar um flokk frá allri lóðinni miðað við Grjótá og ammoníak hækkar um tvo flokka fyrir eystri sigvatnstrásina miðað við aðra mælistaði.

Mögulegt er að hér sem um að ræða næringarefnaútskolun frá grasi og öðrum gróðri á svæðinu sem tekinn var að falla í byrjun október.

Flúoríð er hæst úr hreinsiprónum, en mælist einnig hækkað í sigvatni miðað við Grjótána, þar sem mæligildið er undir greiningamörkum. Eldri mælingar úr hreinsiprómi sýna að hæstu gildi þar hafa verið aðeins lægri en þau gildi sem mælast nú.

Leiðni, selta, basavirkni og harka vatns er 4 til 6 sinnum hærri frá lóðinni heldur en mælist í Grjótá, en flúoríð er 10 til 25 sinnum hærra. Styrkur flúoríðs hækkar þannig 2 til 4 sinnum meira en almennur saltstyrkur í vatni frá lóðinni.

Samanborið við eldri mælingar þá eru leiðni, selta, basavirkni og harka vatns nú sambærilegir í Grjótá og árið 2004 fyrir alla þætti nema að súlfat hluti seltunnar er nú hærri.

Tafla 2a Niðurstöður á mælingum á vatni við verksmiðju Alcoa - Fjarðaál. Ólífræn efni
 Fjarðaál I er frárennsli úr hreinsitjörnum vestast á lóð,
 Fjarðaál II er frárennsli úr hreinsitjörnum austast á lóð,
 Fjarðaál-III er vestari sigvatnsrás og Fjarðaál IV er eystri sigvatnsrás.
 Fjarðaál V er sýni úr Grjótá neðan við foss norðan Þjóðvegjar.
 Umhverfismörk I – blá, umhverfismörk II – græn, umhverfismörk III gul.

Efni	Sýni	Fjarðaál I	Fjarðaál II	Fjarðaál III	Fjarðaál IV	Fjarðaál V
Sýnatökudagur	Eining	2021-10-12	2021-10-12	2021-10-12	2021-10-12	2021-10-12
Ca, kalsium	mg/L	15,2	18,8	12,8	18,4	2,77
Fe, járn	mg/L	0,1	0,0199	0,0281	0,0313	0,00162
K, kalium	mg/L	0,703	<0.4	0,477	0,418	<0.4
Mg, magnesíum	mg/L	1,47	3,32	1,53	2,78	1,07
Na, natríum	mg/L	30,5	28	30,1	37	3,47
Si, kisill	mg/L	5,23	8,68	4,38	7,09	5,43
Al, alumíníum	µg/L	1040	16,8	626	16,5	1,89
As, arseník	µg/L	0,27	0,0779	0,342	0,109	<0.05
Ba, baríum	µg/L	4,83	0,0653	2,44	0,0762	0,048
Cd, kadmíum	µg/L	0,00787	<0.002	0,00226	<0.002	<0.002
Co, kobolt	µg/L	0,0702	0,0278	0,0574	0,0325	0,0073
Cr, krom	µg/L	0,158	0,122	0,125	0,156	0,0711
Cu, kopar	µg/L	1,67	2,12	1,7	1,84	0,239
Hg, kvíkasilfur	µg/L	<0.002	<0.002	<0.002	<0.002	<0.002
Mn, mangan	µg/L	7,58	0,48	2,64	2,97	<0.03
Mo, molybden	µg/L	5,27	0,396	0,714	0,582	0,0635
Ni, níkkel	µg/L	7,7	0,112	7,36	0,178	<0.05
P, fosfor	µg/L	11,4	7,58	14,2	12,7	7,34
Pb, bly	µg/L	0,0344	<0.01	0,0153	<0.01	<0.01
Sr, strontíum	µg/L	10,6	8,03	10,6	12,3	4,4
Zn, zink	µg/L	60,3	<0.2	2,34	<0.2	0,659
V, vanadíni	µg/L	3,75	3,76	2,89	6,38	1,99
Harka	°dH	2,47	3,4	2,14	3,21	0,64
COD-Mn	mg/L	1,49	1,1	0,84	1,78	<0.50
nitrit, NO ₂ -N	mg/L	<0.002	<0.002	<0.002	<0.002	<0.002
ammoníak- + ammoníum N	mg/L	<0.040	<0.040	<0.040	0,057	<0.040
fosfat, PO ₄	mg/L	<0.040	<0.040	<0.040	<0.040	<0.040
fosfatfosfor, PO ₄ -P	mg/L	<0.013	<0.013	<0.013	<0.013	<0.013
